

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

639. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. mars 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Bréf Húnakorns ehf.
3. Ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna 2009.
4. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
5. Höfðabraut 6, boðun fundar húseigenda.
6. Drög að húsaleigusamningi v/ félagsmiðstöðvar.
7. Þingmál til umsagnar.
Frv. til skipulagslaga, 425. Mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0742.html>
Frv. til laga um mannvirki, 426. Mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0743.html>
Frv. til laga um brunavarnir (Byggingarstofnun), 427. Mál
<http://www.althingi.is/altext/138/s/0744.html>

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Rætt um viðgerð brúar á Syðri-Hvammsá. Áætlaður kostnaður vegna endurbótanna er kr. 7.541.417- auk ófyrirséðs álags 5%. Byggðarráð samþykkir að ráðast í þessar endurbætur og vísar samþykktinni til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2010. Forstöðumaður lagði fram upplýsingar um kostnað um kaup á loftmyndum. Fram var lagt bréf Reynd að smíða ehf. þar sem óskað er eftir frestun á verklokum við byggingu 1. áfanga í vaðlaugar á sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar. Óskað er eftir frestun verkloka til 1. apríl nk. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
2. Fram lagt bréf Húnakorns ehf. þar sem sveitarstjórn Húnaþings vestra eru færðar þakkir fyrir fjárstyrk sem félaginu var veittur á sl. ári. Jafnframt er greint frá því að kornuppskera sl. árs var um 300 tonn af 75 hekturum á 16 stöðum í sveitarfélaginu og að á komandi sumri verður líklega sáð í um 100 hektara.
3. Ársskýrsla Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna fyrir árið 2009 lögð fram. Samþykkt að boða stjórn safnsins til fundar með byggðarráði. Sveitarstjóra falið að senda meðeigendum Húnaþings vestra í safninu erindi vegna eldri skulda skv. stöðu á viðskiptareiknings.
4. Fram lagt aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Aðalfundurinn verður haldinn þann 26. mars nk. kl. 15:30 á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu í Reykjavík. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Til kynningar lagt fram fundarboð húseigendafundar Höfðabrautar 6 á Hvammstanga. Fundurinn verður í dag kl. 16:00.

6. Fram lögð drög að húsaleigusamningi milli Húnaþings vestra og Félagsheimilisins Hvammstanga um leigu húsnæðis fyrir félagsmiðstöð á neðstu hæð félagsheimilisins. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu samningsins.
7. Fram lögð til umsagnar frumvarp til skipulagslaga, frumvarp til laga um mannvirki og frumvarp til laga um brunavarnir. Byggðarráð samþykkir að vísa frumvörpunum til skoðunar og umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Heimir Ágústsson ræddi um framkvæmdir við endurbætur Hamarsréttar á sl. sumri og óskaði tiltekinna upplýsinga í því efni. Sveitarstjóra falið að afla þeirra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:20

Halldór Sigfússon(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).